

AÐALFUNDUR ÖSSURAR HF.

VERÐUR HALDINN ÞRIÐJUDAGINN 9. MARS 2010 KL. 9:00 Í HÖFUÐSTÖÐVUM FÉLAGSINS AÐ GRJÓTHÁLSI 5, REYKJAVÍK

A. DAGSKRÁ

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess á liðnu starfsári.
2. Ákvörðun um hvernig skuli fara með hagnað félagsins á reikningsárinu 2009.
3. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagður fram til staðfestingar.
4. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir liðið starfsár.
5. Kosning stjórnar.
6. Kosning endurskoðenda.
7. Skýrsla stjórnar um kjör stjórnar og æðstu stjórnenda, áætlaðan kostnað vegna kaupréttarsamninga og framkvæmd starfskjarastefnu.
8. Tillaga um samþykkt nýrrar starfskjarastefnu.
9. Tillaga um heimild til stjórnar að kaupa eigin hluti í félaginu.
10. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins. Meginefni þessara tillagna:
 - 10.1 4. mgr. greinar 2.01 – Felld út ákvæði um skyldu til að skipta hlutabréfum í smærri einingar.
 - 10.2 2. mgr. greinar 4.01 – Rafræn umboð samþykkt á hluthafafundum.
 - 10.3 9. mgr. greinar 4.01 – Hluthöfum gefinn kostur á að greiða atkvæði rafrænt.
 - 10.4 4. mgr. greinar 4.02 – Leiðrétting á því hvaða ákvörðunum er hægt að fresta til framhaldsaðalfundar.
 - 10.5 1. mgr. greinar 4.03 – Hluthafafundi skal boða með þriggja vikna fyrirvara hið stysta.
 - 10.6 2. mgr. greinar 4.03 – Til hluthafafunda skal boða með rafrænum hætti á jafnréttisgrundvelli. Fundarboðið skal einnig birt í íslenskum fjölmiðli.
 - 10.7 3. mgr. greinar 4.03 – Ítarlegri upplýsingar skulu birtar í fundarboði.
 - 10.8 5. mgr. greinar 4.03 – Hluthöfum heimilt að gera kröfu rafrænt um að fá mál tekið á dagskrá.
 - 10.9 1. mgr. greinar 4.07 – Endanleg dagskrá skal birt á vefsíðu félagsins.
 - 10.10 4. mgr. greinar 4.07 – Gögn sem lögð eru fram í tengslum við aðalfund skulu birt á vefsíðu félagsins og liggja frammi á skrifstofu félagsins þremur vikum fyrir fundinn.
 - 10.11 Grein 5.04 – Felld út ákvæði sem er tvítekið varðandi mikilvægar ákvarðanir stjórnar.
 - 10.12 3. mgr. greinar 7.02 – Felld út gamalt ákvæði varðandi endurskoðendur og athugasemdir stjórnar við ársreikning.
11. Önnur mál sem borin hafa verið löglega fram eða aðalfundurinn hefur samþykkt að taka til meðferðar.

B. TILLÖGUR

2. *Tillaga um ráðstöfun hagnaðar félagsins.*

Stjórn félagsins leggur til að hagnaður félagsins á árinu 2009 verði fluttur til næsta árs.

3. *Tillaga um staðfestingu ársreiknings félagsins.*

Stjórn félagsins leggur til að ársreikningur félagsins fyrir árið 2009 verði samþykktur.

4. *Tillaga um þóknun til stjórnar fyrir liðið starfsár.*

Stjórn félagsins leggur til, í samræmi við tillögu starfskjaranefndar félagsins, að stjórnarlaun fyrir liðið starfsár verði eftirfarandi:

Stjórnarformaður	USD 75.000
Varaformaður stjórnar	USD 45.000
Meðstjórnendur	USD 30.000

5. *Tilnefning frambjóðenda til stjórnar.*

Stjórn félagsins leggur til að stærð hennar verði óbreytt og að allir núverandi stjórnarmenn séu endurkjörnir, þ.e. Niels Jacobsen, Þórður Magnússon, Arne Boye Nielsen, Kristján Tómas Ragnarsson og Svafa Grönfeldt.

Uppfærðar upplýsingar um alla frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en 2 dögum fyrir aðalfundinn, sbr. 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995.

6. *Tilnefning endurskoðenda.*

Stjórn félagsins leggur til, í samræmi við tillögu endurskoðunarnefndar félagsins, að Deloitte hf. sé endurkjörið sem endurskoðandi félagsins til næsta árs.

8. *Tillaga um nýja starfskjarastefnu félagsins.*

Stjórn félagsins leggur til, í samræmi við tillögu starfskjaranefndar, að samþykkt sé ný starfskjarastefna sem er að meginefni til í samræmi við nýjar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, sem gefnar voru út í júní 2009 af Viðskiptaráði Íslands, NASDAQ OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins:

Starfskjarastefna Össurar hf.

Það er stefna og forgangsatíði hjá Össuri hf. og dótturfélögum þess að laða að afburða starfsfólk og hafa í vinnu til langs tíma. Í því skyni þarf félagið að vera með samkeppnishæfa starfskjarastefnu á öllum starfssviðum. Launakjör æðstu stjórnenda og annarra starfsmanna skulu vera samræmd og sanngjörn, að því marki sem unnt er, að teknu tilliti til ábyrgðar þeirra, aðstæðna á hverjum stað, frammistöðu og annarra viðeigandi þátta.

Starfskjarastefnunni er framfylgt til að tryggja, að því marki sem unnt er, að hagsmunir stjórnar, æðstu stjórnenda og annarra starfsmanna fari saman við langtímaárangur Össurar hf.

Til viðbótar við grunnlaun getur Össur hf. meðal annars greitt eða umbunað æðstu stjórnendum og öðrum starfsmönnum með eftirfarandi hætti:

1. Árangurstengdar greiðslur: Félagið getur greitt aukagreiðslur sem endurspegla frammistöðu í verkefnum félagsins, einstökum deildum eða félaginu í heild. Við ákvörðun aukagreiðslna skal sérstaklega litið til heildarárangurs félagsins, raunverulegs vaxtar þess og fjárhagslegs ávinnings til lengri tíma. Aukagreiðslur vegna frammistöðu til skamms tíma geta numið allt að 50% af grunnlaunum. Félagið getur greitt aukagreiðslur með hlutabréfum í félaginu.
2. Kaupréttir: Stjórnin getur boðið æðstu stjórnendum og öðrum starfsmönnum kauprétti í félaginu. Helstu ákvæði slíkra kaupréttarsamninga eða –áætlana skulu lögð fyrir hluthafafund til samþykktar. Starfsmönnum skulu ekki boðnir söluréttir eða veitt lán eða ábyrgðir.
3. Lífeyrisréttindi: Félagið skal greiða framlag vinnuveitanda í lífeyrissjóð starfsmanna í samræmi við viðeigandi lög og ráðningarsamninga eða kröfur á vinnumarkaði. Félagið skal ekki taka á sig lífeyrisskuldbindingar nema slíkt sé áskilið í lögum.
4. Starfslokagreiðslur: Félagið skal ekki gera sérstaka starfslokasamninga við starfsmenn, en skal þess í stað semja um gagnkvæman uppsagnarfrest í samræmi við venjur á vinnumarkaði á hverjum stað, auk þess sem tekið skal tillit til ábyrgðar starfsmanna og annarra viðeigandi þátta. Félagið getur samþykkt allt að 24 mánaða uppsagnarfrest.

Póknun til stjórnar félagsins skal samþykkt á aðalfundi félagsins á hverju ári.

Starfskjarastefnan er bindandi fyrir stjórnina að því er varðar kauprétti, sbr. lið 2 að ofan. Að öðru leyti er starfskjarastefnan leiðbeinandi fyrir stjórnina. Ef vikið er frá starfskjarastefnunni skal það skráð og rökstutt í fundargerðabók stjórnar.

Starfskjarastefnan hefur verið samþykkt af stjórn Össurar hf., í samræmi við tillögu starfskjaranefndar félagsins, samkvæmt 79. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995 og að teknu tilliti til leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja. Starfskjarastefnan er endurskoðuð einu sinni á ári og skal samþykkt á aðalfundi félagsins, með eða án breytinga.

9. Tillaga um heimild til stjórnar að kaupa eigin hluti í félaginu.

Stjórn félagsins leggur til að eftirfarandi tillaga um kaup á eigin hlutum verði samþykkt:

Stjórn félagsins hefur heimild, fram að næsta aðalfundi, til að veita félaginu leyfi til að kaupa eigin hluti, allt að 10% af hlutafé félagsins, á gengi sem er ekki 10% hærra og ekki 10% lægra en vegið meðalgengi hlutanna tveimur vikum fyrir kaupin. Heimildin er veitt í samræmi við 55. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995. Fyrri heimild er afturkölluð.



10. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins.

Stjórn félagsins leggur til að aðalfundur samþykki þær breytingar á samþykktum félagsins sem settar eru fram í liðum 10.1 – 10.12.

- 10.1 Tillaga um breytingu á 4. mgr. greinar 2.01. Lagt er til að ákvæðið sé felld út.
- 10.2 Tillaga um breytingu á 2. mgr. greinar 4.01. Lagt er til að ákvæðið hljóði svo: “Hluthafi getur látið umboðsmenn sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð og skal það dagsett.”
- 10.3 Tillaga um breytingu á 9. mgr. greinar 4.01. Lagt er til að ákvæðið hljóði svo: “Ef stjórn telur ekki framkvæmanlegt að gefa hluthöfum kost á þátttöku í hluthafafundi rafrænt skal hluthöfum samt sem áður gefinn kostur á að greiða atkvæði um mál, sem eru á dagskrá hluthafafundar, bréflaga eða rafrænt. Skal í fundarboði kveðið á um hvernig slík atkvæðagreiðsla verði framkvæmd. Geta hluthafar óskað eftir að fá atkvæði send sér og skal skrifleg beiðni þar um hafa borist skrifstofu félagsins 5 dögum fyrir auglýstan hluthafafund. Einnig geta hluthafar vitjað atkvæðaseðla sinna á skrifstofu félagsins frá sama tíma eða greitt þar atkvæði.”
- 10.4 Tillaga um breytingu á 4. mgr. greinar 4.02. Lagt er til að ákvæðið hljóði svo: “Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/3 hlutafjárins, krefjast þess skriflega á aðalfundi, skal fresta ákvörðun um lið 2 og 3 til framhaldsaðalfundar, sem haldinn skal í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi tveimur mánuðum síðar. Frekari frests er ekki unnt að krefjast.”
- 10.5 Tillaga um breytingu á 1. mgr. greinar 4.03. Lagt er til að ákvæðið hljóði svo: “Hluthafafundi skal boða með þriggja vikna fyrirvara hið stysta.”
- 10.6 Tillaga um breytingu á 2. mgr. greinar 4.03. Lagt er til að ákvæðið hljóði svo: “Til hluthafafunda skal boða með rafrænum hætti þannig að tryggður sé skjótur aðgangur að fundarboðinu á jafnréttisgrundvelli. Skulu notaðir traustir miðlar sem tryggja virka útbreiðslu upplýsinga til almennings á Evrópska efnahagssvæðinu. Jafnframt skal boðað til hluthafafunda með auglýsingu í innlendum fjölmiðli.”
- 10.7 Tillaga um breytingu á 3. mgr. greinar 4.03. Lagt er til að ákvæðið hljóði svo: “Í fundarboði skal a.m.k. greina:
 1. Fundarstað, fundartíma og drög að dagskrá. Ef taka á til meðferðar á fundinum tillögu til breytinga á samþykktum félagsins skal greina meginefni tillögunnar í fundarboði.
 2. Skýrar og nákvæmar reglur um þátttöku og atkvæðagreiðslu á hluthafafundi.
 3. Hvar og hvernig nálgast megi:
 - a. óstytt skjöl sem lögð verða fyrir hluthafafund,
 - b. óstytta ályktunartillögur og/eða athugasemdir félagsstjórnar eða undirnefnda hennar varðandi hvert atriði í drögum að dagskrá hluthafafundar,
 - c. óstytta ályktunartillögur hluthafa sem félagið hefur mótttekið.
 4. Vefsíðu þar sem finna má upplýsingar sem hluthafar skulu hafa aðgang að í tengslum við hluthafafund samkvæmt lögum.”
- 10.8 Tillaga um breytingu á 5. mgr. greinar 4.03. Lagt er til að ákvæðið hljóði svo: “Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðið mál tekið fyrir til meðferðar á hluthafafundi, ef hann gerir skriflega eða rafræna kröfu um það til félagsstjórnar með það miklum fyrirvara, að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.”
- 10.9 Tillaga um breytingu á 1. mgr. greinar 4.07. Lagt er til að ákvæðið hljóði svo: “Endanleg dagskrá og allar aðaltillögur, sem koma eiga til atkvæða á fundum félagsins, skulu birtar á vefsíðu félagsins og liggja frammi á skrifstofu þess hluthöfum til sýnis eigi skemur en sjö sólarhringum fyrir fund.”

- 10.10 Tillaga um breytingu á 4. mgr. greinar 4.07. Lagt er til að ákvæðið hljóði svo: “Reikningar félagsins ásamt athugasemdum endurskoðenda, svörum stjórnarmanna og tillögum endurskoðenda til úrskurðar, auk tillögu félagsstjórnar um starfskjarastefnu, skulu birtar á vefsíðu félagsins og liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis eigi síðar en þremur vikum fyrir aðalfund.”
- 10.11 Tillaga um breytingu á grein 5.04. Lagt er til að síðasta málsgreinin sé felld út. Ákvæðið hljóðar þá þannig: “Stjórnin ræður félagsmálum milli hluthafafunda og skuldbindur félagið með ályktunum sínum og samningum. Undirskrift meirihluta stjórnarmanna þarf til að skuldbinda félagið.”
- 10.12 Tillaga um breytingu á 3. mgr. greinar 7.02. Lagt er til að ákvæðið sé felld út.